



E 4/2018

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærninefndin
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um efni og efnasambönd í innfluttum vörum frá löndum utan ESB/EES-svæðisins

Norðurlandaráð beindi tilmælum til Norðurlandanna árið 2016, um daglegt líf án eiturefna, um að þau beittu sér fyrir breytingum á ESB-löggjöfinni til að koma í veg fyrir frjálstan innflutning á vörum frá löndum utan ESB/EES-svæðisins, sem innihalda efni eða efnasambönd sem eru háð eftirliti á ESB/EES-svæðinu.

Á samráðsfundi umhverfisráðherra Norðurlandanna (MR-Miljø) og Norrænu sjálfbærninefndarinnar 1. nóvember 2017 létu ráðherrarnir í ljós að um raunverulegan vanda væri að ræða og lýstu yfir stuðningi við tilmæli Norðurlandaráðs.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar:

1. Er haldin skrá um innfluttar vörur sem ekki uppfylla þær reglur um efni og efnasambönd, sem vörum framleiddum á ESB/EES-svæðinu ber að fylgja? Ef svarið er já, hversu víðtækt er vandamálið?
2. Ef þetta telst vera vandamál, hafa Norðurlöndin þá íhugað að beina sameiginlegu erindi til framkvæmdastjórnar ESB um þörf á endurskoðun reglna til að komast hjá því að íbúar Norðurlanda í framtíðinni komist í snertingu við eiturefni og efnasambönd í innfluttum vörum og til að tryggja jafna samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem koma við sögu?

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

Fyrir hönd Norrænu sjálfbærninefndarinnar

*Lars Tysklind (L)**Karin Gaardsted (S)*